

Mál nr. 271/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Frítímaslysátrygging.

Gildissvið vátryggingar. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot M móttakið 7. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 12. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags 21. september 2025, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags 22. september 2025.

Málsatvik

Í málskoti kemur fram að 13. október 2024 hafi M lent í slysi er hann féll af rafmagnshlaupahjólí á göngustíg. Mikil hálka hafi verið á vettvangi og hafi hlaupahjólíð runnið undan M vegna hálkunnar. Við fallið hafi M m.a. hlotið mjög slæmt höfuðhögg og rotast, auk þess að verða fyrir áverka í andliti og á líkama. M hafi leitað sér læknaðstoðar í kjölfar slyssins en verið vísað á bráðamóttöku Landspítalans vegna gruns um kinnbeinsbrot. Slysið hafi verið tilkynnt til V 15. október 2024 en M sé með frítímaslysátryggingu í gildi hjá V. V hafi hafnað bótaskyldu 13. nóvember 2024 með vísan til sjúkragagna þar sem fram komi að M hafi dottið á hlaupahjólí og verið drukkinn. Hafi V byggt höfnun sína á 26. gr. skilmála sem giltu um slysátrygginguna og 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. M sem telur sig eiga bótarétt úr slysátryggingunni vegna slyssins fer fram á að nefndin endurskoði niðurstöðu V. Máli sínu til stuðnings bendir M m.a. á eftirfarandi. Í 90. gr. laga nr. 30/2004 komi fram að vátryggingafélag geti lækkað eða fellt niður bæt看 ef vátryggður hefur valdið vátryggingaratburði af stórkostlegu gáleysi. Leggur M áherslu á að V sem byggi neitun sína á því að M hafi verið ölvaður og ölvunin hafi valdið slysinu, beri sönnunarbyrðina um ölvun og orsakatengsl. Þetta megi leiða af framangreindri 90. gr. og dómaframkvæmd. Hafnar M því að V hafi tekist að sanna að hann hafi verið ölvaður þegar slysið varð og að orsakatengsl séu milli ölvunar og slyssins. Í því sambandi bendir M á að hvorki liggi fyrir blóðrannsókn sem staðfesti styrk áfengis í blóði hans né nein önnur hlutlæg göng sem sýni fram á að hann hafi verið ölvaður er slysið varð. Lögregla hafi ekki komið á vettvang og engin vitni hafi verið að slysinu. Eina vísbendingin sem V styðjist við sé munnleg frásögn M í símtali við heilsugæslu daginn eftir slysið, þar sem M hafi sagst hafa drukkinn áfengi kvöldið áður. Í málskotinu er byggt á því að varðandi þessa frásögn verði að líta til þess að M hafi rotast í slysinu daginn áður og verið enn verulega vankaður er símtalið fór fram. Ber M því við að hann muni lítið sem ekkert eftir símtalinu. Er á því byggt að framburður M við þessar aðstæður geti með engu móti falið í sér fullnægjandi sönnun um ölvun og áhrif hennar á hegðun M er slysið varð. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 229/2013 þar sem eftirfarandi komi m.a. í fram: „Ekki liggur fyrir nein mæling á áfengismagni í líkama M. Þótt M hafi verið undir talsverðum áfengisáhrifum verður það eitt og sé ekki virt honum til stórkostlegs gáleysis.“ Er í málskotinu byggt á því að í tilviki M sé jafnvel minni sönnun um ölvun en í framangreindu máli. Telur M því að slysið verði rakið til hálku á slysstað en ekki þess að M hafi verið ölvaður.

Þessu til viðbótar byggir M á því að jafnvel þó fallist yrði á að M hafi verið undir einhverjum áhrifum áfengis telji hann að skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 til skerðingar eða niðurfellingar bóta séu ekki uppfyllt. Óheimilt sé að fella niður bæt看, hvort sem er að hluta eða að fullu, nema að undangengnu heildstæðu mati á þeim atriðum sem nefnd séu í ákvæðinu. Þannig sé beinlínis óheimilt að líta til eins atriðis, til að mynda áfengisneyslu vátryggðs, og láta niðurstöðu um takmörkun ábyrgðar ráðast einungis af því.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags 12. september 2025, er aðallega á því byggt að M eigi ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni þar sem bæði liggi fyrir sönnun þess að M hafi verið drukkinn er slysið varð, þ.e. undir slíkum áhrifum áfengis við stjórn rafmagnshlaupahjólísins, að hann hafi ekki getað stjórnað því örugglega og að orsakatengsl séu milli þess ástands M og slyssins. Færir V ítarleg rök fyrir framangreindu m.a. með vísan í tilgreinda dóma. Telur V að í frumgögnum málsins komi skýrt fram að M hafi verið drukkinn er hann slasaðist. Því beri að leggja það til grundvallar nema M takist að sýna fram á annað, nokkuð sem honum hafi ekki tekist. V telur því að félaginu hafi verið heimilt að fella niður bótarétt M að fullu þar sem tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem telst til stórkostlegs

gáleysis, sbr. 90. gr. laga nr. 30/2004 og 26. gr. skilmála þeirra sem giltu um slysátrygginguna. Bendir V á að við framangreint mat félagsins hafi verið horft til alls þess sem fram kemur í framangreindu ákvæði vátryggingarsamningalaga, þ.e. sakar M, hvernig vátryggingaratburðinn bar að, hvort M hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafi sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Til viðbótar bendir V m.a. á að af dómaframkvæmd megi ráða að ölvun stjórnenda vélknúinna ökutækja, en hlaupahjólíð teljist vélknúíð ökutæki, leiði til þess að bætur eru felldar niður að fullu. Vísar V í tilgreinda dóma þessu til frekari stuðnings. V telur því ljóst að M eigi ekki bótarétt úr slysátryggingunni. Í viðbótarathugasemdum M, dags. 21. september 2025, er m.a. vísað til upplýsinga um veðurfar í Reykjavík á slysdegi. Þar komi fram að umræddan dag hafi hitastig verið undir frostmarki. Í viðbótarathugasemdum V, dags. 22. september 2025, eru fyrri rök ítrekuð. Þá er því hafnað að þau gögn sem M lagði fram um veðurfar í Reykjavík á slysdegi séu fullnægjandi sönnun þess að orsakatengsl séu milli meintrar hálfu og slyss M. V bendir einnig á að engin úrkoma hafi verið þennan dag auk þess sem göngustígar höfuðborgarinnar séu þjónustaðir með söltun og söndun eftir því sem þörf er á. Telur V að M verði að bera hallann af sönnunarskorti varðandi hina meintu hálfu þar sem M hafi ekki tilkynnt um atvikið eða tryggt sér sönnun á aðstæðum á vettvangi í kjölfar atviksins. M hafi því ekki tekist að sýna fram á að slysið verði ekki rakið til ölvunar hans.

Álit

Aðila greinir á um það hvort M eigi bótarétt úr frítímaslysátryggingu hjá V vegna afleiðinga slyss 13. október 2024. V hefur hafnað að greiða bætur úr tryggingunni með vísan í 26. gr. skilmála og 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í 1. og 3. mgr. framangreindrar 90. gr. segir eftirfarandi: „Hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. ...Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.“ Sambærilegt ákvæði er að finna í 26. gr. skilmálanna fyrir slysátryggingu. V telur að framangreind skilyrði séu uppfyllt enda sýni frumgögn þau sem liggja fyrir í málinu fram á að slysið verði rakið til ölvunar M og þar af leiðandi til stórkostlegs gáleysis hans. Það er V að sanna að framangreind skilyrði þess að hafna bótum séu uppfyllt. V ber því sönnunarbyrði varðandi það hvort slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M vegna þess að hann hafi verið ölvaður á slysstundu og að orsakatengsl séu milli ölvunarinnar og slyssins. Einu upplýsingarnar í málinu varðandi meinta ölvun M og hugsanleg tengsl hennar við slysið er að finna í samskiptaseðli frá heilsugæslu sem aftur byggði á símtali sem M átti við hjúkrunarfræðing daginn eftir slys. Þar segir m.a.: „Datt af hlaupahjólí í gærkvöldi, var drukinn...“ Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að þessi gögn dugi ekki til þess að framangreind skilyrði fyrir því að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M teljist uppfyllt. Í því sambandi bendir nefndin á að í fyrsta lagi liggur ekki fyrir bein játning frá M þess efnis að hann hafi verið ölvaður og slysið verði rakið til þess. Þvert á móti byggir M á því að slysið verði rakið til hálfu. Þá bendir nefndin á að jafnvel þó lagt yrði til grundvallar að M hafi verið „drukinn“ eins og það er orðað í samskiptaseðlinum, verður það eitt og sér ekki virt honum til stórkostlegs gáleysis enda felur þetta orð ekki í sér neina sönnun varðandi umfang ölvunarinnar né hvort hún hafi leitt til slyssins. Þá liggur ekki fyrir nein mæling á áfengismagni í líkama M. Það er því niðurstaða nefndarinnar að V hafi ekki tekist að sanna að slys M verði rakið til stórkostlegs gáleysis hans. M á því rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu hjá V vegna afleiðinga slyssins 13. október 2024.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr frítímaslysátryggingu hjá V vegna slyss sem hann varð fyrir 13. október 2024.

Reykjavík, 21. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir